

Sveitarfélagið Vogar  
Davið Viðarsson  
Iðndal 2  
190 Vogar

Reykjavík, 29. ágúst 2022  
UST202208-076/A.B.  
10.04.00

## **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og nýtt deiliskipulag - Kirkjureitir**

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Voga er barst 10. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og nýju deiliskipulagi fyrir Kirkjureitir.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að á kirkjureit verður gert ráð fyrir íbúðarbyggð fyrir lágreista byggð á 1-2 hæðum á 0,7 ha svæði meðfram Aragerði, Tjarnargötu og Kirkjugerði og opnu svæði á 0,4 ha á miðhluta svæðisins. Áður var skipulagssvæðið allt skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnar á öllu svæðinu, s.s. kirkju og/eða safnaðarheimili.

### **Kirkjuholt**

Í greinargeð kemur fram að á miðju svæðinu er hraunkollur sem kallast Kirkjuholt en hann teygir sig til suðurs í framhaldi af baklóðum við Hafnargötu.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í tillögunni.

Auk þess kemur fram að ekki verður byggt á Kirkjuholtinu heldur á svæðunum neðan holtsins meðfram Aragerði, Tjarnargötu og Kirkjugerði og telur Umhverfisstofnun það vera jákvætt.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*